

27

15. mars

Því úrskurðast:

Kleifahreppi hinum forna ber að greiða bæjarsjóði Reykjavíkur 42 kr. af hinum umrædda legukostnaði, auk þess, sem þegar er greitt.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Kleifahrepps hins forna, og ber yður að sjá um, að hún greiði hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

28

19. mars um skilning aukatekjulaga frá 11. júlí 1911.

Í brjefi, dagsettu 8. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvernig skilja beri 24. gr. í lögum nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landsjóðs, og sjerstaklega um það, hvernig beri að reikna þinglestursgjaldið af nánara tiltekinni upphæð.

Þessum fyrirspurnum yðar er svarað þannig:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr., er þinglestursgjaldið 3 krónur, en sje fjárhæðin meiri, skal reikna 1 krónu í viðbót af hverju fullu þúsundi króna. Gjaldið fyrir brjef sem hljóða á 1500 kr. er því 3 kr., en hljóði það á 2000 kr., 4 krónur, hið sama gjald er, nemi upphæðin t. a. m. 2999 krónum, en 5 krónur af 3000 krónum o. s. frv.

29

2. mars

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík 30. janúar 1905 og 27. febrúar 1908.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík 30 janúar 1905 og 27. febrúar 1908:

39. gr. heilbrigðissamþykktarinnar orðist þannig:

»Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt reglugjörð um mjólkursölu, er bæjarstjórnin hefir samið og stjórnarráðið samþykkt«.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 2. mars 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.